



KÓPAVOGSBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1085  
komudagur 24.2.2004

Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Kópavogi 23. febrúar 2004.

**Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.**

Á fundi umhverfisráðs Kópavogs þann 16. febrúar sl. var lagt fram erindi yðar dags. 5. febrúar 2004 þar sem óskað er umsagnar bæjaryfirvalda í Kópavogi um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál. Í ráðinu kom m.a. fram að þau svæði sem lagt er til í þingsályktunni að verði friðlýst sem búsvæðafriðun eða búsvæðavernd og eru innan lögsögu bæjarins, (fjörubelti og grunnsævi í Kópavogi og Fossvogi) eru nú þegar undir bæjarvernd og auðkennd sem slík í staðfestu aðalskipulagi bæjarins. Því sé **ekki** ástæða til að breyta verndun svæðanna.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 19. febrúar 2004 var ofangreindur liður í fundargerð umhverfisráðs afgreiddur athugasemdalaust.

Um hugtakið bæjarvernd eða hverfisvernd gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitastjórnir hafa sett sér og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000- 2012 sem samþykkt var af bæjarstjórn 12. mars 2002 og staðfest af umhverfisráðherra 23. apríl 2002 eru þau svæði talin upp sem njóta ákveðinnar verndunar í lögsögu Kópavogs. Þar eru 18 svæði eða staðir sem njóta bæjarverndar auk þeirra eru fjórir staðir eða svæði friðlýst vegna sérstakra náttúrumyndana og tveir sem friðlýstar fornminjar en á Fornleifaskrá Kópavogs eru auk þeirra taldir upp 53 staðir þar sem skráðar eru fornleifar.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri

Hjálagt:  
Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.